

Samstarfssamningur um söfnun á textíl

1.gr. Samningsaðilar

Vesturbyggð, kt. 510694-2369 og Rauði krossinn í Barðastrandarsýslu, kt. 620780-1119 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um söfnun, flokkun, sölu og útflutning á textíl.

2.gr. Markmið

Samkvæmt 10.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarfélögum ný skylt að halda úti sérstakri söfnun á textíl í grenndargáma. Rauði krossinn í Barðastrandarsýslu hefur um árabíl tekið í móti textíl í söfnunargáma við Bjarkargötu 11, 450 Patreksfirði, til flokkunar og endursölu og hefur það fyrirkomulag gengið vel.

Markmið samningsins er að koma á formlegu samstarfi á milli Vesturbyggðar og Rauða krossins um söfnun á textíl til að styðja við það fyrirkomulag sem hefur verið á söfnuninni í sveitarfélaginu hingað til.

3.gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til móttöku og meðhöndlunar á textíl og skófatnaði í Vesturbyggð, hér eftir í samningi þessum allt kallað textíll. Verkefnaskipting samningsaðila er eftirfarandi:

Söfnun: Rauði krossinn í Barðastrandarsýslu safnar textíl í söfnunargáma við húsnæði samtakanna að Bjarkargötu 11, Patreksfirði. Vesturbyggð setur upp gáma á árinu 2025 fyrir textíl á starfstöðvum sínum og skulu þeir merktir Rauða krossinum.

Það magn sem safnast skal flutt og komið fyrir í söfnunargáma við Bjarkargötu 11.

Flokkun og sala: Rauði krossinn í Barðastrandarsýslu skal flokka þann textíl sem berst í söfnunargáma og leitast við að hámarka það magn sem endurnýtist. Umframmagni skal komið fyrir í sérstökum útflutningsgámi á lóð Rauða krossins við Barðastrandarsýslu.

Söfnun og flutningur umframmagns: Vesturbyggð útvegar ílát til söfnunar og ber kostnað af flutningi frá svæðinu. Vesturbyggð ábyrgist að ávallt sé ílát til staðar hjá Rauða krossinum fyrir umframtextíl. Rauði krossinn getur sent nýtilegan textíl til annarra Rauða kross deilda en það dregur úr því umframmagni sem þarf að flytja úr sveitarfélaginu.

Vesturbyggð greiðir kostnað við meðhöndlun á því efni sem safnast í söfnunargáma sem ekki flokkast sem textíll og þarf að fara sérstaklega með á gámsvæði Kubbs á Patreksfirði.

hjh
GFB

4.gr. Samningsgögn

Um samning þennan gilda íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim. Stangist ákvæði samnings þessa á við lög, vîkur textinn fyrir ákvæðum laganna.

5.gr. Samningsfjárhæð

Í samningi þessum felast engar greiðslur milli samningsaðila en báðir aðilar hafa ávinning af samstarfinu. Tilkostnaður Vesturbyggðar við útflutning umframtextíls verður minni en ella vegna endurnýtingar á vegum Rauða krossins og Rauði krossinn í Barðastrandarsýslu getur haft tekjur af endurnýtingu og sölu textíls sem safnast á svæðinu.

6.gr. Samningstími

Samningurinn tekur gildi 1.janúar 2025 og gildir ótímabundið. Samningurinn er þó uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Samningstíminn er með þeim fyrirvara að ef verða lagabreytingar sem breyta eðli samnings þessa, er uppsagnarfrestur þrjú mánuðir.

7.gr. Vanefndir

Samningsaðilar skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings. Verði ekki staðið við samning þennan getur gagnaðili stöðvað framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn tekur til, þar til úr hefur verið bætt.

8.gr. Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi þessum skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

9.gr. Undirritun

Öllu framangreindu til staðfestingar er samningur þessi undirritaður rafrænt af hálfu þeirra aðila sem heimild hafa til að skuldbinda lögaðila. Rafræn undirskrift samningsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Patreksfirði, 18.12. 2024

Samþykkt með fyrirvara um staðfestingu bæjarráðs Vesturbyggðar.


Gerður Björkveigsdóttir
F.h. Vesturbyggðar


F.h. Rauða krossins í Barðastrandarsýslu